

Listaháskóli Íslands

Hönnunardeild

Arkitektúr

Skynjun og arkitektúr

Ásgeir Már Ólafsson

Leiðbeinandi: Hildigunnur Sverrisdóttir

Haust 2011

Útdráttur

Með ritgerð þessari hef ég velt því fyrir mér hvernig við skynjum mannigert umhverfi.

Ég hef skoðað hugleiðingar fólks sem hefur á mjög ólíkan hátt sett fram texta og hugrenningar varðandi skynjun mannsins á umhverfi sínu, fólks.eins og Pallasmaa, Tómasr Guðmundssonar, Michael Strunge, Decarte, og Tanizaki.

Eins og skrif þeirra sýna fram á, skynjum við á ólíkan hátt. Einnig metum við skilaboðin sem ólík listform gefa frá sér ekki einungis frá því sjónræna heldur einnig og ekki síður út frá okkar eigin reynslu. Sú upplifun sem við verðum fyrir í umhverfinu og borginni verður borin saman, tvö ólík sjónarhorn þeirra Tómasar Guðmundssonar og Michaels Strunge verða skoðuð og metin útfrá því að annar horfir á umhverfið “utanfrá” en hinn “innanfrá”. Velti ég því fyrir mér hvort ákveðin “samskipti” sé á milli umhverfis og manna. Erfitt getur verið að skilja á milli það sjónræna og þess sem fólk skynjar eða upplifir í umhverfinu og verða önnur skilningarvit skoðuð í því samhengi.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Skynjun, er hægt að sjá, snerta og jafnvel heyra arkitektúr?.....	2
2 Arkitektúr og myndlist, tvær hliðar á sama peningi hvað skynjun varðar?	5
2.1 Arkitektúr.....	5
2.2 Myndlist.....	6
2.3 Fagurfræði, fegurð / skynjun, hughrif	6
3 Samskipti umhverfis og einstaklinga, nokkur mismunandi sjónarmið	8
4 Mismunandi sjónarhorn á borgina, Tómas Guðmundsson og Michael Strunge.....	10
5 Lokaorð	16
6 Heimildaskrá	17

Inngangur

Mín eigin reynsla í myndlist hefur fengið mig til að líta hlutina öðrum augum en ég gerði áður. Eitt sinn var ég lærlingur hjá Jóhannesi Geir Jónssyni og kenndi hann mér að sjá liti í náttúrunni sem ég hafði aldrei séð áður. Hvort þessir litir hafa alltaf verið þarna og hreinlega farið fram hjá mér eða hvort ég var sjálfur farinn að skynja hlutina öðruvísi veit ég ekki alveg. En allt í einu voru skýin ekki bara hvítir hnoðrar svífandi um á bláum bakgrunni, grasið og mosinn urðu eins og heil litapalletta sem breyttist í sífellu eftir því hvað tímanum leið og birtan með. Fjöllin fóru að láta vita af sér, eitthvað sem áður hafði bara verið sem dökk mynd á ljósum fleti í bakgrunni varð að sterkri röddu sem náði loks til eyrna minna. Allar þessar breytingar á sýn minni gáfu mér þá hugmynd að myndlist væri gluggi að því sem við vildum sjá og væri því algerlega persónubundin, en þó skildi þessi upplifun mig eftir með hugleiðingar um það hvort skynjun á list gæti skilgreinst sem skilaboð, tjáning eða samtal. Við metum listina eftir því hvað við sjáum og það sem einum einstaklingi er ómetanlegt, sökum tenginga í minningabanka hans, getur verið algjört rusl fyrir öðrum. Þannig metum við myndlist oft á tíðum á mjög ólíkan hátt, út frá því hvernig við skynjum hana og hvaða skilaboð komast til skila til okkar úr verkinu. Tómas Guðmundsson lýsti þessu vel þegar hann sagði:

„Skoðun áhorfandans á listaverki því, sem hann hefur fyrir augum, og áhrif þau sem hann verður fyrir af því, gefa því einatt meiri upplýsingar um áhorfandann en um sjálft listaverkið, og því getur svo farið, að mynd, sem einn áhorfendanna finnur ekkert í nema „ljótleikann“, tali virðulegu máli tignar og fegurðar við þann, sem það mál er tamara.“¹

Til að skoða hugtök eins og skynjun og hughvörf í víðu samhengi má bera saman myndlist og arkitektúr í þeim skilningi að um ákveðið ferli sé að ræða sem felur í sér myndmál forma, sett fram í þeim tilgangi að hafa áhrif á skynjun, tilfinningar og vitund þess sem hana skoðar. Höfundur hefur bakgrunn í myndlist og leggur ákveðinn skilning í það ferli sem á sér stað frá því að myndlistarmaðurinn málar til þess að áhorfandi skynji listina og fannst því áhugavert að hugleiða hvort ferlið væri það sama þegar sköpun á sér stað í arkitektúr eða hvort arkitektinn sé hreinlega að vonast eftir upplifun í stað þess að tjá hana.

Þegar talað er um samskipti umhverfis og einstaklinga eru ýmsir mikilvægir þættir sem spila inn í þá skynjun sem við verðum fyrir. Hvaða áhrif hafa mismunandi skilgreiningar á

¹ Tómas Guðmundsson: *Léttara Hjal*, bls. 39-40.

fagurfræði og hvaða áhrif hefur tíminn á skynjun fólks eru áhugaverðir vinklar sem reynt verður að skilgreina. Getur verið að skynjun sé bara huglæg og að áhrif sólskins og rigningar hafi mest að segja? Kannski er ekki hægt að alhæfa um svör við þessum spurningum en hver og einn hefur sennilega velt því fyrir sér hvers vegna daglegt umhverfi okkar virðist einn daginn vera fallett en næsta dag er skynjunin önnur. Efni ritgerðarinnar sprettur af eigin reynslu af skynjun á umhverfi mínu. Oft hef ég velt því fyrir mér af hverju mér líður stundum vel þegar ég geng niður götu eins og Laugaveg. Dagurinn hefur ekki verið neitt sérstakur, stress og kvíði eru að gera vart við sig og ég á engan pening í vasanum. Samt þegar ég geng niður götuna er það eins og ég sé ekki einn og um stund þá líður mér bara ágætlega. Ætli þetta sé út af því að sólin skín, út af fólkinu sem brosir til mín eða börnunum sem ég sé að leik hinum megin á gangstéttinni. Ég velti því líka fyrir mér af hverju allt búðafólkið er svona almennilegt þennan daginn, en tveimur dögum áður hafði enginn boðið mér góðan daginn. Þá var enginn að leika sér og eina fólkið sem ég rakst á var að niðursökkið í bók með sterkt kaffi í bókabúðinni, en það hafði einmitt verið ástæðan fyrir viðveru minni í bænum. En þegar ég sat og horfði á tóman bollann þá fór ég að horfa á umhverfið og taka eftir allskonar smáatriðum sem ég hafði aldrei tekið eftir áður þrátt fyrir að ég hefði varið þar mörgum stundum í gegnum árin og þóst vera víðsýnn og opinn einstaklingur með með áhuga á því sem fyrir augun bar. Svona dagar urðu til þess að mig langaði að athuga hvort hægt væri að tala um samskipti manns við umhverfi sitt, hvað það er sem hefur áhrif á skynjunina og hvaða áhrif arkitektúr hefur á skynjun fólks á umhverfi sínu.

1. Skynjun, er hægt að sjá, snerta og jafnvel heyra arkitektúr?

„,Þér eruð sjúkur,“ sagði læk'nirinn. „Þér hugsid. Það er slæmt, mjög slæmt. Mér kæmi ekki á óvart, þó að það væri farið að myndast í yður þetta, sem kallað er sál.“ „Er það ... er það mjög hættulegt?“ stumraði sjúklingurinn upp. „Ólæknandi,“ sagði læk'nirinn.“²

Heimspekingar hafa lengi velt því fyrir sér hvernig skynjun á list fer fram. Margir vilja meina að hægt sé að skynja umhverfi sitt, og listina sem þar má finna, með öllum skilningarvitum okkar, sjón, heyrn og jafnvel bragðskyni, lyktarskyni og snertiskyni.

² Tómas Guðmundsson: *Léttara Hjal*, bls. 59.

Descartes er einn af þessum heimspekingum, hann vill meina að allt sem hann hefur litið á sem sannleika í lífi sínu hefur honum áhlotnast í gegnum skynfæri sín. Hann bætir því þó við að skynfærin geti blekkt og að það væri í raun skynsamlegra að treysta á hugann í staðinn, þ.e. hvernig hugurinn túlkar það sem skynfærin segja. Í *Meditations* skrifar hann:

En það sem er mikilvægt að taka eftir hér er að skynjunin, eða gjörningurinn sem við skiljum er ekki sjónin, snertingin eða ímyndunaraflíð, og hefur aldrei verið það, jafnvel þótt það hafi litið þannig út áður fyrr, heldur er það einungis skoðun hugans, eitthvað sem getur verið ófullkomið og ruglingslegt eins og það var, eða hreint og markvisst eins og nú, þegar ég sný athyglinni minni að því og hverju það er búið til úr.³

Hér gefur Descartes til kynna að skynjun sé ekki byggð á hinum ápreifanlega gjörningi að sjá með augunum, snertingu eða ímyndun heldur frekar er skynjunin byggð á því hvernig hugurinn vinnur úr þeim hráu gögnum sem skynjunin aflar okkur.

Augun eru þau skynfæri sem hvað mest reynir á þegar gengið er niður götu eins og Laugavegin, en í raun er það svo margt annað sem maður gleymir að leiða hugann að. Kaffilykt og kuldi, sólskin og sólskinbros fólks sem maður mætir, allt er þetta tekið inn og upplifunin breytist því eftir aðstæðum, t.d. veðri. Því má halda fram að þótt ég sé með sömu skilningarvit í gangi og sé að horfa á sömu byggingarnar þá er upplifun mín ólík milli daga því hugur minn vinnur öðruvísi úr öllum þessum upplýsingum sem ég er að meðtaka þann daginn. Tíminn og mitt persónulega ástand er í raun það eina sem hefur breyst. Með þessu má ætla að skynfærin leyfi okkur að upplifa tilraunakennd samskipti við umhverfi okkar⁴ og að í raun sé umhverfið að eiga samskipti við okkur öll. Lengi hefur því verið haldið fram að augun séu hin æðri skynjunarvit og má nefna menn eins og Platón, Aristóteles og jafnvel La Corbusier sem hafa haldið þessu fram. Við getum rökstutt þetta með því að horfa á stein, við vitum um leið að steinninn er grófur. Þegar við sjáum brunabíl þá vitum við einnig strax að hann getur verið hávaðasamur. Amy Jo Lindgren kemst svona að orði í mastersritgerð sinni þegar hún lýsir skoðunum Edward T. Hall úr bókinni *The Hidden Dimension*. „Sjónræn skynjun er það sem fyrst heillar okkur við hluti og rými.“⁵ En nú á seinni árum hefur þessi nálgun á skynjun og skilning okkar á arkitektúr breyst og menn eins og arkitektinn Pallasmaa hafa gagnrýnt þessa ofuráherslu á sjónræna skynjun. Hann lýsir vestrænum arkitektúr eins og hann sé að verða flatur þegar hann skrifar: „Í okkar menningarlega skilningi á myndum, verður sjálft áhorfið sem týnt land og missir allan sveigjanleika. Í staðinn fyrir að upplifa

³ Lindgren 2011

⁴ Lindgren 2011

⁵ Lindgren 2011

tilveru okkar í heiminum, þá horfum við á hann úr fjarlægð sem áhorfendur, þar sem myndum hefur verið varpað á sjónhímnuna.”⁶ Amy Jo Lindgren tekur í svipaðan streng þegar hún segir: „Við höfum týnt hæfileika okkar til að tengjast umheiminum í kringum okkur á gagnvirkari hátt.“⁷ Hún heldur því fram að við höfum verið dregin að því hvernig stórkostleg bygging lítur út frekar en hvernig við upplifum hana. Hún hvetur til þess að við upplifum arkitektúr á algeran hátt sem lokkar okkur til að nota öll okkar skynfæri. Pallasmaa er á svipuðu máli.

Því má halda fram að tilgangur allra bygginga nái út fyrir ramma arkitektúrs, byggingin varpar vitund okkar aftur til baka inn í þennan heim og inn í vitund okkar sjálfra. Mikilsverður arkitektúr gerir okkur kleift að upplifa okkur sjálf sem andlegar verur íklædda holdi. Í raun er þetta hlutverk allrar þýðingarmikillar listar.⁸

Þannig er arkitektúr ekki upplifaður sem röð einangraðra mynda heldur sem samþætt efni sem hefur að geyma andlega undirstöðu. Þessi sýn á arkitektúr er það sem hefur þróast á seinni árum allt frá því að móðernistar komu til sögunar, en þessi ”nýja” andlega sýn á upplifun og skynjun gerir það að verkum að tungumál móðernisma er ögrað. Ef áherslan er of mikil á sjónina virðist það gerast að önnur skynfæri gleymist; minningar, ímyndunarafl og draumar verða heimilislaus. Hins vegar þarf áherslan á sjónina ekki endilega að draga úr hinum skynfærunum. Þannig hefur snerting sem tillfinninganæmni hins efnislega valds grískis arkitektúrs gefið til kynna að augun örva vöðva sem skynfæri skynjunar og tilfinninga⁹. Efnisval getur skipt sköpum hvað varðar upplifun okkar á byggingu rétt eins og form hennar og sú birta sem hún býr til eða dregur úr. Með efnisvali er hægt að skapa eitthvað sem við tengjumst böndum. Þannig getur skipt sköpum hvort við veljum náttúruleg efni eða tilbúin efni, því áhrifin eru gjörólík, ekki eingöngu þegar kemur að birtu og formi því tíminn skiptir hér miklu máli. Með notkun náttúrulegra efna er kominn ákveðin tímakvarði á upplifuninni, því hvort sem það er tré eða steinn þá veðrast hann og breytist eftir veðri og notkun. En á meðan gler og stál hefur allt annan tímakvarða þá virðist sem það breyti því hvort okkur finnist byggingin þægileg eða bara köld. Flest höfum við heyrt að gömul hús séu með sál og þá er oft verið að tala um eldri hús sem byggð er úr náttúrulegum efnum. Að sama skapi eru margar hinna nýrri bygginga, sem reistar eru úr stáli og gleri, upplifaðar sem kaldar „geymslur“ af fólkinu sem þar dvelur. Með því að geta fylgst með efninu breytast er kominn

⁶ Pallasmaa: *The eyes of the skin. Architecture and the senses*, bls. 30.

⁷ Lindgren 2011

⁸ Pallasmaa: *The eyes of the skin. Architecture and the senses*, bls. 11.

⁹ Pallasmaa: *The eyes of the skin. Architecture and the senses*, bls. 26.

tímaröð sem við skiljum, en maðurinn veðrast og grotnar hraðar en gler og stál. Við sjáum bygginguna eldast með okkur og tengjumst henni persónulegri böndum en þeim byggingum sem lifa miklu lengur en við sjálf. Að vísu eldist stál og gler einnig en það gerist á svo löngum tíma að við sem erum hérna í tiltölulega stuttan tíma tökum varla eftir því. Þótt að stál ryðgi þá er öldrunin varla á þeim kvarða að við skiljum hann að fullu og getur því virkað á fólk, eins og á mig, sem „formúla“ innan arkitektúrs. Það fer auðvitað eftir áhuga og smekk hvers og eins en kassalaga og formúlukennd nálgun á arkitektúr finnst mér tilheyra þeim hluta sem er hvað minnst áhugaverður.

2 Arkitektúr og myndlist, tvær hliðar á sama peningi hvað skynjun varðar?

2.1 Arkitektúr

Arkitektúr er stór hluti af lífi okkar allra, hvort sem við veitum því eftirtekt eða ekki. Allt í kringum okkur eru byggingar, hönnun og form en fyrir flesta fellur þetta bara inn í hið daglega umhverfi hvers og eins. Auðvitað erum við meðvituð um einstaka byggingar í umhverfi okkar, t.d þær sem eru hæstar eða þær sem skera sig úr að öðru leyti, en fæstir velta því fyrir sér hver teiknaði bygginguna eða undir hvaða áhrifum viðkomandi hefur verið þegar hann eða hún teiknaði hana. Mörg okkar þurfa að leggja leið sína á listasafn til að njóta þeirrar fjölbreytni í myndlist sem við sjáum á götum borgarinnar á hverjum degi, en notagildið er jú þannig að við geturm hengt upp ferköntuð málverk. Samanborið við myndlistina er því áhugavert að sjá hvort arkitektinn nái að koma vilja sínum á framfæri á sama hátt og myndlistarmaðurinn og hvort hægt sé að tala um samtal, tjáningu eða skilaboð frá manngerðu umhverfi til þeirra sem njóta sköpunar arkitektsins á sama hátt og myndlistarmenn virðast gera með verkum sínum. Í byrjun arkitektúrnáms míns var eitt það fyrsta sem mér var kennt að hafa alltaf meðferðis málband til að mæla hlutina og þannig skilja stærðir og samsetningu hlutanna sem urðu á vegi mínum. Einnig var mér sagt að horfa upp. Bara með því að fara að horfa á byggingar upp fyrir fyrstu hæð opnaðist algjörlega ný sýn og forvitni hjá mér, ekki ólíkt því sem Jóhannes hafði kennt mér með myndlistina. Eins kom skilningur á með málbandinu en áður fyrr höfðu byggingar einungis virkað á mig sem stórir skúlptúrar með falleg eða ljót form og liti en nú opnaðist heill nýr heimur með skilningi og forvitni. Fyrir mér er því hugmyndin um að umhverfið, jafnvel byggingar og náttúran geti „talað“ eða átt orðlaus samskipti við einstaklinga alls ekki fjarri lagi.

2.2 Myndlist

Kannski má segja að myndlist sé afurð eða ferli sem felur í sér myndmál forma í þeim tilgangi að hafa áhrif á skynjun, tilfinningar og vitund þess sem hana skoðar. Myndlist felur í sér hið víða svið mannlegrar gjörðar, sköpunar og tjáningu. Auðvelt er að ímynda sér að mynd sem er máluð af listamanni geymi brot af sál hans. Listamaðurinn tjáir sig á striganum og verkið fangar skynjun hans á umhverfi hans á þeim tíma. Það hvort áhorfendur skynji málverkið sem eitthvað fallegt eða ekki er það sem er áhugaverðasti þátturinn í þessu ferli að mínu mati og til að reyna að skilja hvaða áhrif verkið hefur á áhorfandann má kannski skýra á vissan hátt með mismunandi túlkun á fagurfræði.

2.3 Fagurfræði, fegurð / skynjun, hughrif

Það sem einum þykir falleg bygging, jafnvel gömul bygging með sál, gæti öðrum þótt ómerkilegt samansafn byggingarefna. Einnig er áhugavert að velta því fyrir sér hvernig arkitektar geta notað ólík form til að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri til þeirra sem njóta afurða listar þeirra.

Fagurfræði, sem á ensku er *aesthetics*, er dregið af gríska orðinu *aisthesis* og var fyrst notað á 18. öld af heimspekingnum Alexander Baumgarten. Með fagurfræði er leitast við að skilgreina á einhvern hátt hvernig fegurð er metin í sjónlist. Fagurfræðin tengist myndlist á þann hátt að með heimspekilegum hugleiðingum er reynt að skilgreina þetta listform og svara þannig spurningum eins og: „hvað er list?“ og „hvað er það sem gerir verk fallegt?“¹⁰ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir hefur einmitt fjallað um hugtakið fegurð út frá landslagi og fagurfræði. Samkvæmt henni er hin hefðbundna skilgreining á fegurð rakin annað hvort til hlutbundinna eiginleika viðfangsins eða til huglægrar reynslu þeirra sem fegurðarinnar njóta. Þegar einstaklingur upplifir náttúruna og verður fyrir áhrifum frá henni má tala um fagurfræðilega upplifun en erfitt hefur reynst að skilgreina þá upplifun. Það gætir ákveðinnar togstreitu á milli huglægra og hlutlægra nálganna í þessum efnum en heimspekingar hafa í gegnum tíðina reynt að skilgreina þessa þætti. Þessu til stuðnings má nefna að á 17. öld voru

¹⁰ Art Encyclopedia 2011

fagurfræðilegir eiginleikar skilgreindir sem hlutlægir eiginleikar en á 18. öld kom fram sú hugmynd að fagurfræðilegir eiginleikar væri aðeins í auga þess sem skynjar. Guðbjörg nefnir það í sínum skrifum að þessi skynjun hafi upp á síðkastið týnst í skilgreiningum okkar á fegurð. Hún bendir á að hið sjónræna ráði nær eingöngu ferðinni þegar talað er um fagurfræði og að þeir dómar sem við fellum á það sem fallett er, sé í raun bara það sem við sjáum en ekki það sem við upplifum eða skynjum.¹¹

Dómar um fegurð geta því byggt á því að við tökum skynjun okkar ekki alvarlega ef við leyfum okkur ekki að skynja fegurðina samhliða því að sjá hana. Sumir halda því fram að fallett andlit sé ekki það sem sýni raunverulega fegurð manna, heldur einnig svipbrigði sem gefi hugmynd um innri fegurð hvers og eins. Aðrir segja að málverk sé fallett vegna þess hvernig litirnir blandast saman eða hvernig pensilstrokur líða yfir léreftið, en þegar við horfum á málverk þá er það ekki kraftur litanna heldur krafturinn í heild sinni sem við skynjum úr verkinu sem stendur eftir. Á sama hátt má segja að til að skilja raunverulega fegurð bygginga gæti þurft að líta framhjá massanum og sjá hvernig heildræn upplifun endurspeglar fegurðina. Arkitektinn getur á þennan hátt tjáð sig með formum, nýtt sér fagurfræðina og þannig haft áhrif á skynjun fólks. Mismunandi form og tilgangur kalla fram mismunandi skynjun. Kirkjur eru unnar út frá ákveðnum formum, fangelsisbyggingar gefa ákveðna hugmynd um festu og styrk, íburðarmiklar línur og skraut gætu gefið til kynna íburð, lúxus, ríkidæmi og á sama tíma getur hugmyndasnaud bygging sem er há með tilgerðamiklum inngangi vísað til þess að um opinbera, valdamikla byggingu sé að ræða.

Samlíkingin milli innri fegurðar manna og einskonar innri fegurð byggingar er áhugaverð í þessu samhengi. Ef einhver myndi segja að bygging væri brosandí eða drungaleg þá myndi maður strax skilja hvernig sú manneskja skynjar bygginguna og jafnvel geta fengið hugmynd um formin sem arkitektinn hefur notað til að ná fram þessari skynjun. Ef tekið er mið af þessu má líka segja að ákveðin samskipti geti átt sér stað milli manna og bygginga eða milli einstaklinga og umhverfis þeirra. Samskiptin fara fram í hljóði, án orða. Byggingar geta á þennan hátt haft áhrif á okkur þó við höfum lítil áhrif á húsið, því húsið bregst ekki við. En tíminn hefur þó áhrif á byggingar í gegnum form og áferðir og notkun en birta hefur líka töluverð áhrif.¹²

¹¹ Erindi flutt á hugvísindapingi HÍ 25. Mars 2011. Byggt á grein Guðbjargar, „Fagurfræði náttúrunnar: vitræn skynjun og skynræn þekking“, sem birtist í tímaritinu *Hugur* árið 2010.

¹² Chest-of-books 2011

Til að taka þetta saman tel ég að hlutlægt mat fólks á byggingum hafi á margan hátt áhrif á huglægt mat þeirra, þ.e að hið sjónræna hafi meiri áhrif á skynjun fólks þegar kemur að arkitektúr. Arkitektinn getur tjáð sig og haft áhrif á skynjun fólks með formum og ýmsu öðru en það er mat mitt að erfiðara sé fyrir fólk að skynja byggingar í kringum sig heldur en málverk. Það má kannski segja þessar tvær listgreinar geti á einhvern hátt „talað“ til okkar og fengið okkur til að skynja ákveðna hluti, en tungumálið er ekki endilega það sama. Á margan hátt má segja að hið sjónræna hafi vinninginn þegar fólk skynjar arkitektúr, ekki ósvipað því sem að Guðbjörg heldur fram, en að samskiptamynstrið sé meira huglægt þegar fólk skynjar myndlist.

3 Samskipti umhverfis og einstaklinga, nokkur mismunandi sjónarmið

Eins og sjá má að framan tel ég margt vera sameiginlegt með málaranum og arkitektinum. Báðir hafa frelsi til að túlka og meta aðstæður og tjá upplifun sína í verkum sínum þó svo að rammi arkitektsins sé að mínu mati flóknari. Báðir hafa frelsi til að túlka sinn raunveruleika og hafa áhrif á upplifun annarra með verkum sínum, en þeir kveikja á mismunandi skilningarvitum til skynjunar. Þegar kemur að formi og birtu þá er það grundvöllur beggja listforma og er að mínu mati það sem hefur hvað mestu áhrif á skynjun fólks. Samskiptin sem fara fram á milli einstaklinga og umhverfis þeirra er sennilega mjög einstaklingsbundið en er líka háð tíma, rúmi og samfélagslegum aðstæðum sem ríkja hverju sinni.

Tómas Guðmundsson hefur ritað um samfélagið og þær tilfinningar sem hann og hans samtímamenn bjuggu yfir, og eru pistlar hans í tímaritinu *Helgafelli* sem gefið var út á Íslandi á árunum 1942-1946 og bera heitið *Léttara hjal*⁵ skemmtileg og fróðleg lesning um skilning einstaklingsins á umhverfi sínu. Hann tengir samfélagið og allar þær hversdagslegu ádeilur, sem við öll finnum fyrir, inn í umhverfið, sem er borgin. Hann tjáir sig á skemmtilegan hátt um málefni manna um og eftir seinna stríð og gefur okkur lesendum því innsýn í sinn veruleika.

Í dag, hálfri öld síðar, hefur gatan sem Tómas gekk um breyst en margt stendur enn og get ég sem lesandi ímyndað mér það sem heyrðist á milli húsa á þeim árum en ekki síst velt öllum þeim breytingum fyrir mér sem orðið hafa þegar ég geng um sömu götur og hann talar um. Þannig geta aðstæður og tíminn breytt allri þeirri upplifun sem við verðum fyrir og samskipti okkar sjálfra og umhverfis er gjörbreytt, en eftir situr skynjunin sem hann kemur til skila í gegnum skrif sín.

Nýlegra dæmi um breytta upplifun á umhverfinu er að finna í umfjöllun Sigrúnar Sigurðardóttur í fyrirlestri sínum „Um hverfi“¹³. Hún fjallar þar um myndaröðina Ásfjall sem tekin var af Pétri Thomsen ljósmyndara í hlíðum Ásfjalls í Hafnarfirði. En þar er lýst umhverfi sem átti að hýsa fjölskyldur, foreldra og börn sem lifðu í nánum tengslum við náttúruna er núna orðið að holdgervingi þess hversu grátt samfélagið er orðið eftir hrun. Hálfkláruð hús og byggingarefni á víð og dreif hefur í för með sér að við skynjum umhverfið sem eitthvað sem hefði átt að vera, horfinn draumur, í stað þess að gefa mynd af fallegum samskiptum bygginga, forma, náttúru og samfélagi. Segja má að umhverfið tali til okkar, segi okkur sögu af breyttu samfélagi.

Pétur er þeirra skoðunar, rétt eins og Páll Skúlason heimspekingur hefur skrifað um í bók sinni *Umhverfing*, að maðurinn sé að reyna að stjórna náttúrunni og að hann sé í raun að reyna að ná tökum á því eina sem hann hefur ekkert vald yfir og getur í raun aldrei stjórnað. Þessar skoðanir Péturs og Páls eru frekar óumflýjanlegar því maðurinn getur ekki með góðu móti byggt umhverfi sem fellur algerlega inn í náttúruna. Með því að reyna það værum við komin aftur fyrir árdaga siðmenningar þegar menn lifðu með náttúrunni. Í dag skipuleggjum við umhverfi okkar út frá hagkvæmni og skilvirkni. Ég er þeirra skoðunar að maðurinn geti aðlagast náttúrunni betur með sínu manngerða umhverfi í gegnum arkitektúr. Einnig hef ég það stundum á tilfinningunni að manngert umhverfi og náttúra séu tveir andstæðir pólar eða sköpunarverk sem tali ekki nægilega mikið saman. En með því að takast á við náttúruna glímir maðurinn einnig við þann möguleika að mistakast. Áslandshverfið var áður mikil náttúruperla og útivistarfólk leitaðist við að fara þangað til að upplifa náttúruna hreina og tæra í sinni einlægu mynd en eftir stendur óklárað hverfi og er í raun eitt stórt sár í landinu og sár í samfélaginu sem rétt eins og gamalt ör minnir okkur alltaf á þau mistök sem við gerðum. Það má því segja að mannum er það ekki alltaf gefið að geta stjórnað öllum kröftum og búið til fegurð með stærðfræðilegum útreikningum og skipulagi því það eina sem við upplifum í dag af þessu dæmi er þau mistök sem voru gerð. Og umhverfið er nú hvorki hrein náttúra né fullklárað manngert skipulag.

Breytingar á umhverfinu þurfa ekki að vera jafn miklar og lýst er að ofan. Veðrið eitt og sér getur haft veruleg áhrif á það hvernig við skynjum umhverfi okkar. Sólin breytir t.d. allri hegðun okkar í borginni. Flestir taka eftir því að á vorin þegar sólin kemur fram og það okkur í ljósi breytist hegðunarmynstur okkar flestra. Konur með barnavagna eru út um allt,

¹³ Sigrún Sigurðardóttir: „Um hverfi“.

sölufólk verslana setja vörur út á gangstétt og margir fá sér kaffi utandyra. Allt í einu er skapið orðið öðruvísi og samskipti okkar við umhverfi og byggingar orðið allt annað en á köldum vetrardegi þegar flestir sækjast í að vera innandyra.

4 Mismunandi sjónarhorn á borgina, Tómas Guðmundsson og Michael Strunge

Með því að velja sér sjónarhorn til að horfa á umhverfið getur upplifunin gjörbreyst. Það sem mér þykir áhugvert að skoða er hvernig maður getur séð og upplifað hluti á mismunandi vegu þrátt fyrir að umfjöllunarefnið sé það sama. Tómas Guðmundsson (6. janúar 1901- 14. nóvember 1983) upplifði að mínu mati borgina ávallt í fjarlægð, hann metur borgina utan frá. Aftur á móti sá Michael Strunge (19. júní 1958 í Rødovre – 9. mars 1986) borgina innan frá, metur hana út frá tilfinningum sem búa innra með honum. Þeir eru því að fjalla báðir um það sama, þ.e. hvernig einstaklingurinn upplifir og skynjar umhverfi sitt á mismunandi hátt. Vissulega er borgarmyndin ólík að sumu leyti en samfélagið sem Tómas er að tala um er í mikilli uppsveiflu og hann horfir á það með augum sveitapiltsins sem var að kynnast borginni í fyrsta skipti. Borgin er að verða stéttaskipt og nýjar hefðir og siðir eru að ryðja sér til rúms. Breytingin hefur verið mjög hröð í samfélaginu sem hann þrífst í, en flutningur úr sveitasamfélagi yfir í borgarmynstur sem mótað er af menntuðum mönnum erlendis í Fúnkis-stefnu veldur því að viss barnaleg nálgun verður hjá honum þegar hann horfir á umhverfið. Strunge er aftur á móti í samfélagi sem er á niðurlæið, en í Danmörku ríkir viss tilfinningaleg kreppa á þeim árum sem hann skrifar og er engu líkara en að samfélagið sé veikt eins og hann.

Tómas Guðmundsson horfir á borgina utan frá, ef svo má segja. Hans sjónarhorn eða sjónás er fyrir utan borgina og samfélagið, hann nær með því að sjá heildarmyndina, getur gagnrýnt út frá heild og haldið ákveðinni fjarlægð við formin sem mynda borgina. Bygging eins og Hallgrímskirkja sem er á Skólavörðuhæð var mikið deiluefni á sínum tíma en flest okkar líta á kirkjuna sem nauðsynlega heild af Reykjavík þó sumir séu þeirrar skoðunar að lítil prýði sé af henni. „*Persónulega finnst mér kirkjulíkanið síst verra en sams konar „model“, sem kunnáttumenn í köuskreytingu búa til úr „marsipan.“*¹⁴

Sem maður sem stendur fyrir utan getur hann ávallt breytt sjónás á það sem hann horfir. Hann hafði víða þekkingu á samfélaginu og liðandi stund og átti það til að dæma eða mynda sér skoðanir út frá því. Tómas var klókur maður sem upplifði léreftið allt og virtist átta sig á

¹⁴ Tómas Guðmundsson: *Léttara Hjal*, bls. 80.

heildarmyndinni og gat hann útskýrt þá mynd sem hann sá á skemmtilegan hátt. Með því að halda borginni í ákveðinni fjarlægð, má kannski segja að geri manni auðveldara að gera sér grein fyrir skynjun sinni og koma henni til skil þar sem ákveðin festa ríkir í samskiptum manns og umhverfis. Dagdraumar verða líkari hugleiðingum og tíminn virðist líða eðlilega áfram. Gagnrýnin sem býr inn í okkur fellur á umhverfið í kring og tjáningin verður að samtali milli umhverfis og manna.

Sá sem myndi upplifa umhverfi sitt og borgina nær eingöngu innan frá, eins og Strunge, gæti átt erfiðara með að halda uppi svipuðum samræðum, en sýn þeirra skortir samhengi við heildina og dagdraumar gæti orðið líkari þráhyggju um hvað sé á bakvið næsta horn þegar gengið er niður götuna.

Michael Strunge var danskt skáld og þunglyndissjúklingur. En lýsingar hans á sálartetrinu þegar hann gengur um dimmar götur Kaupmannahafnar fá mann strax til að velta því fyrir sér hvaða áhrif umhverfið hefur á okkur. Strunge lýsir dimmum kvöldum í Kaupmannahöfn, hann sjálfur er á gangi, heltekinn af einsemd og vanlíðan. Hann horfir á dimmu borgina sína sem er gjörbreytt frá deginum áður en tilfinningarnar fylla upp í það sem hann ekki sér. Hann er upptekinn við að taka á móti öllu áreitinu óslípað og án nokkurs milliliðs. Hann finnur fyrir borginni og umhverfinu á allt annan hátt en Tómas gerði þegar hann stóð í fjarlægðinni, þó að samfélagið, umhverfið, formin og lyktin geti verið svipað. Strunge upplifir borgina innan frá, út frá tilfinningum sínum. Sú festa sem Tómas bjó yfir, að geta séð heildarmyndina utan frá er ekki til staðar hjá Strunge.¹⁵

Strunge var af þeirri kynslóð sem stundum hefur verið kölluð „no-future“ kynslóðin og eru pönktónlist og pönkstefna sjáanleg í skrifum hans. En hann var maður flókinn sem átti erfitt andlega, en hann var einnig mjög opinn gagnvart sínum veikindum og „göllum“ og talaði oft um veikindin á opinberum vettvangi. Þetta er líklega ein af þeim ástæðum sem leiddu til vinsælda hans. En bæði þunglyndið og manían hrjáðu hann og er sýn hans á heiminn og borgina áhugaverð þegar lesið er í gegnum skrif hans. Hann upplifði heiminn og borgina á nánari og persónulegri hátt en Tómas gerði, því þjáningar hans komu innan frá og varð því órjúfanlegur hluti af sýn hans. En með því að horfa á borgina þaðan sem tilfinningar, minningar, hugmyndir og jafnvel ranghugmyndir koma, verður ekki hjá því komist að hverfa frá allri kerfisbundinni rökhugsun og bara upplifa og skynja án allra leiðarvísa um hvernig það er gert. Þegar mönnum eins og Strunge tekst að sannfæra mann um að það sé hægt að

¹⁵ Michael Strunge: *Samlade Strunge, Digte 1978-85*.

þykja vænt um myrkrið lærir maður að sjá að ekki eru eingöngu skrímsli í myrkrinu heldur ýmislegt fleira sem ekki má forðast.

Öll höfum við gengið niður götur í myrkri og drunga en kannski ekki allir velt því fyrir sér hvaða áhrif umhverfið og byggingarnar hafa á okkur. Í staðinn fyrir að nema staðar og upplifa þessa tilfinningu þá flýtum við okkur á áfangastað og sækjum í það öryggi sem þar er. Þannig geta hús sem fóru alveg framhjá okkur að degi til orðið óþægileg tilvitnun í eitthvað drungalegra að nóttu til. Boullée sagði:

„I cannot conceive of anything more melancholy than a monument consisting of a flat surface, bare and unadorned, made of light-absorbent material, absolutely stripped of detail, its decoration consisting of a play of shadows, outlined by still deeper shadows.“¹⁶

Á svona stundu verður manni það óþægilega ljóst að líkaminn er sem hylki sem hefur að geyma allar þær minningar um rýmin sem við göngum framhjá. Við erum byggð upp á svipaðan hátt og skynjum á svipaðan hátt, hreyfum okkar á svipaðan hátt og finnum á svipaðan hátt. Þetta eru sömu byggingar sem við sjáum í myrkrinu og við sjáum í dagsbirtunni en tilfinningin er allt önnur. Óhjákvæmilegt er þó að skynja birtuna án skugga. Við höfum flest okkar heyrt að birta hefur áhrif á heilbrigði og andlegan líðan en ég vil einnig meina að „samtal“ okkar við umhverfið breytist við breytt birtuskilyrði. Eins hefur myrkrið jafn mikil áhrif á okkur. Við veitum því samt ekki alltaf eftirtekt en það er svo miklu meira sem breytir umhverfinu en birtan. Þannig geta gamlar minningar komið fram frá því við vorum börn og við minnumst þess að á ákveðnum stað valhoppuðum við ávallt í takt framhjá. Í dag áttum við okkur á því að takturinn sem kom í göngulag okkar stafaði af súlunum við götuna sem virkuðu sem taktmælir fyrir göngulag okkar. Þannig geta einfaldir hlutir haft áhrif á upplifun og líðan, en þessi einfaldi taktur kom ávallt af stað breyttri hegðun. Allavega verður hús ekki teiknað án þess að taka tillit til þeirra þátta sem áhrif geta haft á birtuna og þeirra skilyrða sem hún skapar fyrir okkur, bæði innandyra og utan. Ég trúir því að myrkrið og skuggarnir séu ekki athvarf skuggalegra vera og púka heldur jafn nauðsynlegur þáttur og birtan er í tjáningu okkar í hönnun bygginga og mannvirkja.

Viðhorf gagnvart birtu getur verið mismunandi, en hér á landi höfum við þá sérstöku birtu sem við þekkjum í landslagsmálverkum gömlu meistaranna. Við vitum að sólin sest varla á sumrin og af birtu höfum við nóg. Þetta gæti verið ástæða fyrir því að minna hefur verið unnið með skugga sem viðfangsefni nema sem afleiðing af skorti af birtu. Í Japan er þessu öðruvísi

¹⁶ Boullée: *Architecture: essai sur l'art*, bls. 106

farið, en þar er oft kafað djúpt í að finna skilning og upplifanir í smæstu hlutum. Maður að nafni Jun Ichiro Tanizaki skrifaði bók um málefnið. In *The Praise Of Shadows* er heiti bókarinnar og eins og titillinn ber með sér þá er mikið fjallað um skuggana og rýmunum gjarnan lýst eftir styrk þeirra. Allt frá dökkum skuggum yfir í ljósari, en minna er talað um bein ljósop eða birtuna sem ráðandi afl í upplifun hlutar. Þar er gjörningnum lýst og þeirri stemmningu sem honum fylgir og er yfirleitt borin saman japanskur arkitektúr við þann vestræna. Þar er því t.d. lýst hvernig efniskennd og litir geta breytt öllum rythma, upplifun og tilfinningum. Höfundur bendir á að í japanskri eldamennsku sé oft talað um að matar skuli njóta með augunum jafnt og með bragðskyninu og bendir á að litum matarins sé oft speglað í litavali á veitingahúsum. Þó að Tanizaki fari stundum offari í þessum samanburði sínum á japönskum og vestrænum siðum þá er þarna prentaður á síðurnar texti sem fær mann til að velta hlutunum öðruvísi fyrir sér, öðruvísi en því sem maður sjálfur er vanur. Tanizaki segir meðal annars: „*Our cooking depends upon shadows and is inseparable from darkness.*“¹⁷

Þetta er nokkuð sem ég get yfirfært beint í arkitektúr. Tanizaki bendir einnig á áhugaverðan hátt þann mun sem sjá má á hofum og kirkjum milli menningarheima okkar. Hann furðar sig á því að gotneskar kirkjur séu byggðar svona hátt og allt það sem það fallega á að standa fyrir sé ýtt svona langt upp fyrir okkur og fjarlægí okkur frá fegurðinni. Sjálfum þykir mér þetta áhugaverður punktur, að kynna guðdómleika og fegurð en koma því samt þannig fyrir að við getum ekki nálgast það og arkitektúrin ytir hreinlega undir það hvað við erum vanmáttug, lítil og skítug í samanburði. Tanizaki nefnir dæmi um hof þar sem þveröfugt er farið að¹⁸. Þótt það fari ekki á milli mála hver smekkur Tanizakis sé, þá virðist hann gera sér grein fyrir muninum á nálgun þessara menningarheima á umhverfinu þegar hann segir:

„*A light room would no doubt have been more convenient for us, too, than than a dark room. The quality that we call beauty, however, must always grow from the realities of life...*“¹⁹

Ef við hugsum til þess sem Tanizaki var að lýsa um upplifun á skuggum, þá má segja að dimmt rými sé alls ekki tómt, heldur þvert á móti sé það fyllt. Í myrkrinu búa minningarnar og skugginn litar umhverfið með áferðum hlutanna sem við horfum á en skugginn gefur okkur líka það frelsi að fylla sjálf í eyðurnar.

¹⁷ Tanizaki: *In the Praise of Shadows*, bls. 17

¹⁸ Tanizaki: *In the Praise of Shadows*, bls. 17

¹⁹ Tanizaki: *In the Praise of Shadows*, bls. 18

Strunge og Tanizaki tala um dökk rými sem rými sköpunar og upplifana. Ljóðin hans Strunge lýsa sálu hans og borginni í kringum hann á tilfinningalegan og rýmiskennndan hátt. Ég tek hérna tvö dæmi. Rummet og BYEN I NATT. Hafa má í huga við lestur fyrra ljóðsins að Strunge fyrirför sér með því að kasta sér út um glugga.

Rummet:

I rummet er der en dør

Som aldrig aabnes

Et vindue hvor gardinerne

Aldrig er trukket for

Rummet udgøres af

Fire vegge, et loft og et golv

Ingen af disse flader bryder nogensinde

Kun luften i rummet

Bevæger sig, rejser sig

Gaar frem og tilbage

Og sætter sig igen

For at læse i en bog

I dag en uden bogstaver

Som alle dage i øvrigt

Eller for at lide med sig selv

I nat uden ord

Som alle nætter i øvrigt

Pludsligt gaar døren op

Skikkelsen fara op

Dette er aldrig hænt før

I døraabningen staar Ingen

Og ler lydlöst

Ingen er alene

Men Ingen gaar ikke ind

Staar bare og ler

Skikkelsen river gardinerne til side aabner vinduet

Og kaster sig ud i tomheden²⁰

²⁰ Strunge: *Samlede Strunge*, bls. 45

BYEN I NATT:

NATTEN ER SAA TUNG

IMELLEM MINE ÖJNE.

BILERNES LYDE I GADERNE

VASLER AFSKED.

HUSERNE TAVSE

GADENS LAMPER LYSER

DISKRÆTE, FRAVÆRENDE, TÆNKER PAA
STJERNER.

EN ENGEL GRÆDER OVER DE GRAALIGE
SKYER.

DET REGNER?

ORDERNE ER TÆNKET

I TIMERNE

LIGGER PAA GULVET SOM ASKE

BRÆNDER LANGSOMT MIN CIGARET.

MIN TABTE ENGEL?

I MINE ÖJNE ER NATTEN SAA TUNG.

AFSKEDSVARSLER

I BILERNES LYDE I GADERNE

HVISKER DER I HUSENE?

JEG VED IKKE NOGET.

FOR MEGET FÖLES.

SAA TUNGT, SAA LANGSOMT.

STIVNET, TRÆGT.

HVAD SKER?²¹

²¹ Strunge: *Skrigerne*, bls. 56

Eins og lesa má í ljóðunum eru rými og tilfinningar samtvinnuð. Við tengjum tilfinningar við rými í minningum okkar og við upplifum rými með tilfinningum einnig.

5 Lokaorð

Fólk upplifir umhverfi sitt hvert á sinn hátt, sem aldrei verður að fullu komið í orð, en engu að síður hefur fólk tilhneigingu til að skynja fegurð í sömu hlutum. Hið sama má segja um það sem fólk notar orð eins og „notalegt“ og „kuldalegt“, og svo mætti lengi telja. Sama hversu margir skynjuðu fegurð í einstöku fyrirbæri, yrði þó ekkert fullyrt um fegurð þess, þar eð hugtakið er gildisdómur sem lýsir einstaklingsbundinni afstöðu til fyrirbæris og er ekki hluti af eðli fyrirbærisins sjálfs. „Beauty is in the eye of the beholder“ er setning sem oft hefur verið fleygt í þessu samhengi. En hver er sá sem skynjar? Við upplifum stöðugar breytingar á stefnum og straumum í fagurfræði; listaverk sem almennt þótti velheppnað fyrir 50 árum, þykir nú e.t.v. barn síns tíma og lítið spennandi. Hins vegar gæti það gengið í endurnýjun lífdaga einn daginn og notið hylli að nýju. Að listastefnur skuli fæðast, ná hápunkti og hnigna hlýtur að vera til marks um að mat manna á því hvað sé fallett og hvað sé list verði til í samfélagi áður, eða að minnsta kosti samtímis því sem hún er sköpuð. List er sköpuð með viðtakandann í huga. Eins er arkitektúr skapaður með þá í huga sem koma til með að lifa og hrærast í umhverfinu. Oft hefur listamaðurinn ákveðna hugmynd um hvernig viðtakandinn mun skynja og túlka verkið. Stundum hefur hann eflaust rétt fyrir sér upp að vissu marki. En þegar listaverk er orðið til, er hans þætti í sköpuninni lokið og viðtakendur taka við sköpuninni. Í vissum skilningi er því ferli aldrei lokið.

Við erum að bæta við, eyða og breyta umhverfi okkar í sífellu. Byggingar standa áratugum og árhundruðum saman sem minnisvarðar um ólík tímabil í sögunni. Þær eru háar, lágar, ljósar eða dökkar og standa við götur sem eru víðar, þröngar, beinar eða hlykkjóttar. Þær eru ýmist fjölfarnar eða fáfarnar, kannski eru blóm og tré við götuna eða raðir af veitingastöðum sem framkalla mismunandi lyktir. Hugsanlega yfirgnæfir skólplykt allt annað og verður að ráðandi þætti í upplifun okkar. Á þessum götum og í þessum byggingum hefur ríkt bæði stríð og friður, fátækt og velsæld, gleði og sorg. Sumir eru meðvitaðir um söguna sem manngert umhverfi ber með sér, aðrir gefa því lítinn gaum.

Hvorki arkitektinn né myndlistamaðurinn er fær um að stýra sköpun sinni eða loka öllum merkingarmöguleikum hennar. Stundum reyna þeir það, oftast með þeim afleiðingum að verkið verður líflaust, leiðinlegt og vekur engar sérstakar tilfinningar. Að sama skapi hafa viðtakendur listar, þ.á.m. arkitektúrs, ekki algjörlega frjálsar hendur um upplifun sína af manngerðu umhverfi. Þeirra þáttur í sköpuninni hlýtur alltaf að takmarkast af verkinu sem þeir eiga í samskiptum við.

6 Heimildaskrá

Guðbjörg Jóhannesdóttir. 2011. „Landslag, fegurð og fagurfræði.“ Erindi flutt á hugvísindafingi Háskóla Íslands 25. Mars 2011. Reykjavík.

Pallasmaa, Juhani. 2005. *The eyes of the skin. Architecture and the senses.* Wiley-Academy, Chichester.

Páll Skúlason. 1998. *Umhverfing.* Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sigrún Sigurðardóttir. 2011. „Um hverfi.“ Erindi flutt í tilefni af ljósmyndasýningu Péturs Thomsen síðsumars 2011. Reykjavík.

Strunge, Michael. 1995. *Samlede Strunge, Digte 1978-85.* Borgens Forlag, Kaupmannahöfn.

Strunge, Michael. 1980. *Skrigerne.* Borgens Forlag, Kaupmannahöfn.

Tanizaki, Jun'ichiro. 1977. *In the Praise of Shadows.* Leete's Island Books, Sedgewick, ME.

Tómas Guðmundsson. 1975. *Léttara Hjal.* Forni, Reykjavík.

Vefheimildir:

Art Encyclopedia. 2011, 19. jan. „Aesthetics.“ Vefslóð: <http://www.visual-arts-cork.com/definitions/aesthetics.htm>

Boullée, Etienne-Louis og Helen Rosenau. *Architecture: essai sur l'art.* Vefslóð: http://www.Books.google.com/books?id=UJ7UAAAAMAAJ&q=106#search_anchor

Chest-of-books. 2011, 17. Janúar. *The Horticulturist, And Journal Of Rural Art And Rural Taste.* Vefslóð: <http://chestofbooks.com/gardening-horticulture/Journal-7/Expression-In-Architecture-2.html>

Lindgren, Amy Jo. 2011, 19. jan. „Perceptive Connectivity.“ Vefslóð: <http://etd.lib.montana.edu/etd/2008/lindgren/LindgrenA0808.pdf>